

Bílaumboðið Hekla fær vilyrði fyrir lóð á Selfossi



Bæjarráð Árborgar hefur veitt Heklu hf. vilyrði fyrir atvinnulóð að Fossnesi 11-13 á Selfossi. Fyrirtækið ráðgerir að hefja framkvæmdir síðar á árinu.

Sveitarfélagið greinir frá þessu á heimasíðu sinni.

Lóðin sem bæjarráð veitti vilyrði fyrir er staðsett að Fossnesi 11-13, við hlið Atlantsólú og snýr beint að innkomunni inn á Selfoss. Gott samtal hefur verið milli sveitarfélagsins og forsvarsmanna Heklu hf. sem hefur sýnt mikinn áhuga á að byggja upp aukna starfsemi innan sveitarfélagsins.

„Það er ánægjulegt að öflug fyrirtæki líkt og bílaumboðið Hekla horfi til uppbyggingar

í Árborg. Hér á svæðinu er rík hefð fyrir góðri verslun og þjónustu og mun uppbygging Heklu hf. efla enn frekar núverandi þjónustu fyrirtækisins og fjölga störfum á svæðinu“, segir Bragi Bjarnason bæjarstjóri að þessu tilefni.

„Mörg fyrirtæki horfa til uppbyggingar á Suðurlandi enda margt jákvætt að gerast með bættum samgöngum, uppbyggingu inn- og útflutningshafna auk fjölgunar íbúa sem leita frekar í störf hérna megin heiðarinnar“, bætir Bragi við.

Áætlanir Heklu hf. eru að framkvæmdir hefjist í haust og á lóðinni verði bílasala ásamt þjónustutengdri starfsemi.

The Codfather mættur á Selfoss

Matarvagninn Codfather opnaði á bílaplani Hótel Selfoss miðvikudaginn 9. júlí sl. Eigendur vagnsins eru sömu rekstraraðilar og sjá um veitingarnar á hótelinu. Það eru hjónin Alma Svanhild Róbertsdóttir og Fannar Geir Ólafsson ásamt Hlyni Friðfinnssyni. Þau fengu tilboð um að kaupa matarvagn og ákváðu að slá til.

Allt kláraðist fyrsta daginn

Codfather býður upp á „fish and chips“, djúpsteyktan humar í pylsubrauði og tvær týpur af „dirty fries“. Planið er að bæta seinna við einum til tveimur réttum.

Viðtökur hafa verið mjög góðar að sögn Ölm.

„Það er brjáláð að gera. Fyrsta daginn kláraðist allt sem við vorum búin að undirbúa. Í

gær var helmingi meira að gera, við náðum bara tveimur tímum á miðvikudaginn, við vorum opin frá hálf sex til ca átta og það klárðist eiginlega bara allt,“ segir Alma í samtali við Dagskrána.

Hún segir „fish and chips“ vera langvinsælasta réttinn. „Fiskurinn er ekki í orly-deigi. Við erum með hann hjúpaðan í rasp þar sem undirstaðan er svart Doritos þannig að hann er smá „spicy.“ Hann er að fá mjög góðar viðtökur. Það er skemmtilegt að gera svona öðruvísi,“ segir Alma.

Mikil reynsla í matargeiranum

Eigendurnir eru engir nýgræðingar í matargerð. Fannar opnaði Tryggvaskála á sínum tíma og var með Kaffi krús ásamt því að hann og Alma eiga Kjötbúrið og eru með mjög stóra veislubjón-

ustu þar. Hlynur opnaði Miðbar og Rísið þegar það opnaði fyrst. Andri Björn, yfirkokkur Codfather, er eigandi Takkó, Rósti og Samúelsson í mathöllinni.

Vitna í Godfather-myndirnar

Aðspurð hvernig hugmyndin að nafninu kom upp segir Alma að góður vinur þeirra hafi komið með hugmyndina. „Okkur fannst hún mjög skemmtileg. Það er verið að vitna í Godfather-myndirnar. Merkið er tengt við þær og réttirnir á seðlinum eru nefndir eftir persónum úr myndunum.“

Vagninn verður opinn í allt sumar. Hann opnar klukkan hálf tólf/tólf og lokar klukkan 20 nema eftirspurnin sé mjög mikil þá er opið lengur.

Alma hvetur öll að koma á The Codfather og fá sér fisk og franskar.

EHJ



Andri Björn Jónsson, Alma Svanhild Róbertsdóttir, Hlynur Friðfinnsson og Fannar Geir Ólafsson. Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi fyrirtæki 2024



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Í samræmi við 41 og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagsbreyting:

1. Búgarðabyggð í landi Byggðarhorns, lóðir 7 og 56 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarráð Árborgar samþykkti þann 10.7.2025 tillögu að breytingu á gildandi Byggðarhorns fyrir lóðir 7 og 56. Breytingin felur í sér að lóð nr. 7 er skipt upp í þrjár lóðir, 7a, b og c. Lóð 56 er skipt upp í tvær lóðir. Heimilt verður að byggja eitt íbúðarhús á hverri lóð ásamt útihúsi skv. skilmálatöflu á uppdrætti.

Í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða Bæjarráðs Árborgar:

2. Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breyting svæði M10 (Tryggvagata 36)

Efla ráðgjafafyrirtæki f.h. Sveitarfélagsins Árborgar leggur fram óverulega breytingu, í greinargerð gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Breytingin felur í sér að skilmálum í greinargerð fyrir miðsvæði M10 við Tryggvagötu á Selfossi er breytt á þá leið að á jarðhæð bygginga er heimilt að vera með íbúðir í bland við verslun og þjónustu. Skilyrði um að hluti íbúða skuli leigðir til nemenda er felld út ásamt því að felld er út heimild til útleigu í flokki II. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi Aðalskipulags Árborgar 2020-2036, með síðari breytingum.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti óverulega breytingu á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd telur að breytingin sé til góða fyrir reitinn í heild, og með heimild til byggingu íbúðarhúss á Tryggvagötu 36, og verslun- og þjónustu, auk matsölu á Tryggvagötu 40, séu uppfyllt skilyrði um skilgreiningu á miðsvæði í aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Skipulagsnefnd mælist til að bæjarráð Árborgar samþykki breytinguna í samræmi við ofangreindar tilvitnanir í skipulagslög, og að niðurstaða bæjarráðs verði auglýst í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð, í sumarleyfum bæjarstjórnar, samþykkir breytinguna í samræmi við tilvitnanir skipulagsnefndar í skipulagslög og hún skuli auglýst í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreind skipulagstillaga nr. 1, liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is. Skipulagstillaga nr. 1, er í auglýsingu frá 17. júlí 2025, til og með 28. ágúst 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli (nr. 989/2025).

Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi. skipulag@arborg.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 28. ágúst 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Nýir eigendur Vélaverkstæðis Þóris

Vélaverkstæði Þóris ehf. hefur fengið nýja eigendur. Fyrirtækið, sem hefur verið í eigu Þóris L. Þórarinssonar og Ásdísar Svölu Guðjónsdóttur, frá stofnun þess fyrir um 30 árum, hefur verið selt til UK fjárfestinga ehf. Þau Þórir og Ásdís hverfa nú úr eigendahópnum eftir áratuga farsælan rekstur.

UK fjárfestingar, sem meðal annars eiga Toyota á Íslandi og Bílanaust, og er í eigu Úlfars Steindórssonar og Kristjáns Þorbergssonar, ætla sér að viðhalda starfsemiinni í þeirri mynd sem hún hefur verið, en jafnframt auka enn frekar þjónustu við hina fjölmörgu viðskiptavinir verkstæðisins. Það mun áfram sinna viðhaldi og viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðartækjum og vörubílum í framúrskarandi aðstöðu að Austurvegi

69 á Selfossi, auk þess að veita þjónustu um allt land.

Kári Rafn Þorbergsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Vélaverkstæðis Þóris ehf. Kári er menntaður rafvirki, vélfræðingur og rekstrarfræðingur. Hann er í sambúð með Lóu

Dagmar Smáradóttur. Þau búa á Hellu þar sem þau eru bæði fædd og uppalin.

Starfsmannahópurinn, sem telur 25 reynslumikla einstaklinga, helst að öðru leyti óbreyttur.



Selfoss karfa semur við átta leikmenn

Selfoss Karfa hefur samið við átta leikmenn fyrir komandi átök í 1. deild kvenna.

Það gleður okkur að tilkynna að Anna Katrín, Valdís Una (vantar á mynd), Perla María, Vilborg Öttars, Diljá Salka, Eva Margrét, Karólína Waagfjörð & Sigríður Svanhvít hafa skrifað undir samning við meistara-flokk kvenna fyrir tímabilið 2025-26.

Er þetta mikilvægt skref í áframhaldandi uppbyggingu kvennaliðsins á Selfossi sem var skráð til leiks í fyrsta skipti-

id í fyrra.

Hlökkum til að sjá liðið aftur

á parketinu í haust.

Áfram Selfoss Karfa



Hæstiréttur staðfestir ógildingu virkjunarleyfis fyrir Hvammsvirkjun

Hæstiréttur hefur nú staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli er varðar Hvammsvirkjun. Þar með er virkjunarleyfi Landsvirkjunar, sem Orkustofnun veitti vegna fyrirhugaðrar virkjunar, ekki lengur í gildi.

Þetta herma heimildir mbl.is. Héraðsdómur felldi leyfið úr gildi í janúar síðastliðnum og nú hefur Hæstiréttur staðfest þá niðurstöðu.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, lýsti þeirri skoðun að dómurinn gæti haft viðtækar afleiðingar og torveld að alla nýja vatnsaflsvirkjun hér á landi.

Ágreiningur um heimild til breytinga á vatnshlotum

Landsvirkjun hefur unnið að undirbúningi Hvammsvirkjunar í áratugi og stóð til að hún yrði áttunda virkjunin á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Öll tilskilin leyfi lágu fyrir árið 2024 og stefnt var að því að virkjunin tæki til starfa árið 2029.

Óvissa skapaðist þó um

fram tíð verkefnisins eftir að héraðsdómur ógilti leyfið. Ástæðan var sú að samkvæmt dómnum hafði Umhverfisstofnun ekki heimild til að samþykkja breytingar á vatnshlotum vegna virkjana, í ljósi innleiðingar vatnatilskipunar Evrópusambandsins sem lögfest var árið 2022. Sótt var um virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun árið 2021.

Heimild til breytingar á vatnshloti, útgefin af Umhverfisstofnun, hefur verið forsenda þess að Orkustofnun geti gefið út virkjunarleyfi. Umhverfis- og Orkustofnun starfar í dag undir

sama þaki eftir að stofnanirnar voru sameinaðar í upphafi árs.

Héraðsdómur taldi löggjafann ekki hafa kveðið nægilega skýrt á um breytingar á vatnshlotum í lögunum, og þar með væru þær ólögmatar.

Til að bregðast við ástandinu lagði Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, fram frumvarp í janúar síðastliðnum sem ætlað var að eyða óvissunni um Hvammsvirkjun. Alþingi samþykkti frumvarpið 16. júní síðastliðinn með einróma stuðningi viðstaddra þingmanna.



Skálholtshátíð kallar með gleði í tali, göngu og tónum

Skálholtshátíð kallar til sín fólk víða að vegna þess að hún er þriggja daga fjölbreytt og hátíðleg dagskrá. Hún er fyrir alla sem vilja gleðjast í kirkjunni og syngja saman og njóta sín. Hún er um það hvernig við öll erum eitt í Kristi og er það þemað: „Á eina bókina – Eitt í Kristi“. Á dagskrá eru hátíðartónleikar, hátíðarmessa í sól og sumri og hátíðardagskrá þar sem Jón Kalman Stefánsson rit höfundur flytur hátíðarerindið umvafinn tónlist og ávörpum. Á laugardegnum heldur Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar málþing um játningar kirkjunnar í 1700 ár til okkar daga með dr. Dirk G. Lange frá Lútherska heimssambandinu og Skálholtsfélagið heldur málþing um Brynjólf biskup Sveinsson og Ragnheiði á föstudeginum með Ragnheiðargöngu. Einnig eru á dagskrá Forneifaskóli barnanna, ör-pílagrímaganga barnanna á hlaðinu heima og löng pílagrímaganga frá Reynivöllum til Skálholts. Í hátíðarmessunni verður vígður nýr Steinway D konsertflygill, Bókhlaða Skálholts verður opnuð og tekið er við stórrí gjöf til minningar um dr. Sigurbjörn biskup Einarsson. Umgjörðin er falleg og kirkjan í einstaklega góðu formi eftir gagngerar endurbætur á síðustu árum. Í kirkjunni er einstakur hljómur og hefur það sannast enn og aftur á Sumartónleik-



unum í Skálholti sem haldnir voru núna í 50. sinn í þrjár vikur samfelld undir stjórn Benedikts Kristjánssonar. Hljómurinn er nýttur til fulls á hátíðartónleikum laugardagsins með Skálholtskórnum og góðu tónlistarfólki sem Jón Bjarnason, organisti, hefur kallað saman, en einnig á Bach-orgeltónleikum Jóns Bjarnasonar. Hátíðarmessan með fjölda flytjenda hefst kl. 14 á Þorláksmessu á sumar, sunnudag 20. júlí, og eftir kirkjukaffi í boði staðarins er hátíðardagskrá kl. 16. Kvölds og morgna er sungin tíðargjörð og eru það félagar í Ísleifsglunni sem leiða hana. Á laugardagsmorgninum kl. 9 er gengið til útímessu við Þorlákssæti. Þar er lesið úr Ritningunni og gengið til altaris og þar setur vígslubiskup, sr. Kristján Björnsson, hátíðina. Skálholtshátíð er slitið í lok hátíðar-

dagskrár sunnudagsins og þau sem vilja safnast svo saman að syngja Te Deum upp við háaltarið. Rétt er að minna einnig á göngustígana á Þorlákssleið. Hátíðin er árlega haldin í nánd við Þorláksmessu á sumar sem hefur verið 20. júlí frá því um 1200 en þann dag 1198 voru bein Þorlaks tekin upp og lögð í hið sögufræga Þorláksskrín. Um aldir var hún stærsta hátíð ársins og fjölsótt. Hún kemur fyrir í nýjum og gömlum bókmenntum vegna atburða sem áttu sér stað einsog við er að búast þegar margir koma saman á helgum stað og fagna. Sjálfsagt þykir að sækja einn og einn viðburð í dagskránni. Aðgangseyrir er enginn og allir velkomnir. Alla dagskrá og viðburði er að finna á skalholt.is.



Höggmyndir í hálföld

Helgi Gíslason myndhöggvari flytur fyrirlestur og sýnir myndir af höggmyndum sínum á Kvoslæk í Fljótshlíð laugardaginn 19. júlí kl. 15.00. Helgi sýndi í fyrsta sinn verk opinberlega á samsýningu í hálfbyggðum Kjarvalsstöðum þegar stofnað var til Listahátíðar í Reykjavík vorið 1970. Hann hafði þá lokið prófi í kennara-deild Myndlista- og handíðaskólans en tók svo eitt ár til viðbótar við skólann ásamt tveimur öðrum í akademískri deild sem Hörður Ágústsson setti á laggirnar. Um vorið sýndu svo þremmenningarnir með Septemhópn um á Kjarvalsstöðum. Helgi hélt til Gautaborgar í Svíþjóð og stundaði nám við Konsthögskolan Valand 1971-1976. Síðan hefur hann sinnt listsköpun sinni auk þess að kenna á listasviði í Fjölbrotarskólanum í Breiðholti frá 1977 til 2017. Helgi hefur á ferli sínum gert höggmyndir í opinber rými í Reykjavík og víða á lands-



byggðinni. Meðal annars má nefna bronsdyr Seðlabankans, altarismynd í Fossvogskirkju, kirkjudyrr og aðra innviði, minnisvarða um sjómenn á Höfn í Hornafirði og höggmynd við Stjórsluhúsið í Þorlákshöfn. Helgi hefur efnt til tuga sýninga hér heima og erlendis auk þátttöku í fjölda samsýninga. Síðast setti hann upp einkasýningu í Himinbjörgum, listhúsi á Hellissandi, fyrr á þessu ári.



Íbúð til sölu

Er að selja íbúð. góð eign fyrir fyrstu kaupendur og stúdentar. góð fjárfesting fyrir þá sem vilja íbúð til að leigja út. Ef einhver hefur alvöru áhuga að kaupa, endilega hafið samband við fasteignasalan sem sér um eignina mína.

Ragna Valdís Sigurjónsdóttir
Löggiltur fasteignasali, í síma 846-6581,
[tölvupóstur ragna@husfasteign.is](mailto:tölvupóstur.ragna@husfasteign.is).



„Fyrsta sem hann hugsaði um þegar hann vaknaði var falafel frá Hverakebab“

Vinirnir Milad og Amir opnuðu nýjan matarvagn í Hveragerði 5. júlí sl. sem ber heitið Hverakebab. Eins og nafnið gefur til kynna býður vagninn upp á alls konar kebab-rétti. Milad og Amir koma upprunalega frá Íran en eru í dag stoltir íslenskir ríkisborgarar að þeirra sögn. Milad býr í Hveragerði með fjölskyldu sinni og fannst tilvalið að bæta persneskum matarvagni við þá flóru af veitingastöðum sem eru þar nú þegar.

Draumurinn að opna veitingastað

Milad og Amir hafa báðir mikla ástríðu fyrir matargerð og hefur það verið draumur þeirra lengi að opna veitingastað.

„Fyrir nokkrum árum ætluðum við að opna veitingastað í Hveragerði en fundum ekki viðeigandi húsnæði. Þá kviknaði hugmyndin um að vera með matarvagn og kynna Íslendinga fyrir persneskri matargerð... á hjólum,“ segir Milad í samtali við Dagskrána.

Þeir félagar völdu kebab af því það er vinsælt í upprunalandi þeirra.

„Það eru til óteljandi tegundir af kebab með mismunandi kjöti og kryddum. Við völdum að bjóða upp á tvær tegundir, khoobideh sem er lamba- og eða nautakjöt hakkað saman með lauk, sett á spjót og grillað. Einnig munum við bjóða upp á

jukeh kebab sem er kjúklingur á spjóti marineraður í saffran og fleiri bragðgóðum kryddum. Íslendingar þekkja kebab en fáir hafa líklega ekki smakkað persneskt kebab,“ segja Milad.

Í dag er boðið upp á vefjur með khoobideh og falafel, franskar og heilan grillaðan kjúkling en á næstu vikum verður bætt í matseðilinn t.d. kebab-máltíðum, khoobideh, jukeh kebab eða falafel með grjónum, sósu og grilluðum tómötum. Föstudaginn 11. júlí byrjuðu þeir með fjölskyldumáltíðir sem samanstanda af heilum grilluðum kjúkling, stórum skammti af frönskum, tzaziki sósu, brauði og gosi.

Khoobideh-vefjan vinsælust

Milad og Amir ólust báðir upp við mikla matargerð. „Í Íran er mikið lagt upp úr því að útbúa mat frá grunni og tókum við þátt í því með foreldrum okkar sem litlir drengir. Í gegnum árin höfum við báðir unnið á hinum ýmsu veitingastöðum,“ taka Milad fram.

Viðtökur vagnsins hafa verið mjög góðar. „Fólk var spennt þegar það heyrði að vagninn væri að opna og það er búið að vera skemmtilegt að fá loksins að leyfa fólki að smakka.“

Khoobideh-vefjan hefur verið langvinsælust og fólk er spennt fyrir því að geta keypt grillaðan kjúkling.

„Við hvetjum fólk einnig til



að prófa falafelið okkar en það er alveg sérstaklega gott! Sem dæmi kom viðskiptavinur og keypti sér falafel-vefju fyrr í vikunni, daginn eftir kom hann aftur og sagði að það fyrsta sem hann hugsaði um þegar hann vaknaði væri falafel frá Hverakebab. Þannig að auðvitað byrjaði hann daginn á að koma til okkar,“ segir Milad stoltur.

Opið í sumar og vetur

Hverakebab verður opið í allt sumar og er stefnt að því að hafa hann líka opinn í vetur. Þá verður fyrirkomulaginu breytt þannig að fólk getur hringt til að panta og svo sótt án þess að þurfa að bíða eftir matnum úti í kuldunum. Milad og Amir hlakka til að bjóða fólki upp á góðan og næringarríkan mat yfir vetrartímann.

Á virkum dögum er opið í hádeginu frá 11:30 - 14:00 og svo seinnipartinn frá 17:00 - 20:00. Um helgar verður opnunartíminn frá 12:00 til 14:30 og 16:30 til 20:30.

Að lokum vilja Milad og Amir þakka fyrir góðar viðtökur. „Einnig viljum við þakka öllum þeim sem hjálpuðu okkur að koma vagninum á laggar. Það er mikið af góðu fólki í Hveragerði sem aðstoðaði okkur og sérstakar þakkar fara til Villa í Shell og Jóhanns R. Wolfram.“

EHI



Rækjutaco með mangósalsa & lime sósu

Ég vil byrja á að þakka Bjarna Kristni fyrir að senda mér þessa áskorun. Þar sem það er hásumar er viðeigandi að birta sumarlegasta réttinn sem ég finn. Á mínu heimili er þessi ferski og einfaldi taco-réttur eitthvað sem heimilisfólk kann virkilega að meta.



Mangósalsa

- 1 mangó, skrælt og skorið í teninga (ca. 2 bollar)
- 115 g kirsuberjatómatar, smátt skornir
- 1–2 jalapenó, hreinsuð og fín-söxuð (ca 2 msk.)
- ½ bolli rauðlaukur, smátt saxaður (ca. 50 g)
- 1 tsk. rifinn límónubörkur (valkvætt)
- 1 msk. safi úr límónu
- Sjávarsalt eftir smekk

skál. Smakkið til með salti og geymið í ísskáp þar til borið er fram.

Lime sósa

Hrærið saman sýrðum rjóma og majónesi. Rífið börk límónunnar ofan í, pressið hvítlauksrif og hrærið. Bætið 1 msk af límónusafa út í og smakkið til með salti.

Rækjur & tortilla-kökur

- 450 g meðalstórar rækjur,
- 2 msk. suðræn kryddblanda, t.d. fajitas
- Jurtaolía til steikingar
- 10 litlar tortilla-kökur
- Ferskt krydd, t.d. kóríander, steinselja, mynta
- Límónubátar til framreiðslu

Lime sósa

- 50 g majónes
- 50 g sýrður rjómi (10 %)
- 1 límóna (börkur + safi)
- 1 hvítlauksrif

Aðferð

Mangósalsa

Hrærið öllu hráefninu saman í

Kryddið rækjurnar

Stráið kryddblöndunni ríkullega yfir rækjurnar báðum megin.

Steikið rækjurnar

Hitið 1–2 msk. olíu á stórri pönnu við meðalháan hita þar til olían titrar. Steikið rækjurnar í ca. 2 mín. hvor hlið eða þar til þær verða fallega bleikar. Það má einnig grilla þær á Murikka-pönnu. Setjið saman & berið fram Raðið heitum kökum á diska, setjið rækjur, rausnarlegan skammt af mangósalsa, stráið fersku kryddi og lime sósu yfir.

Ég vil hvetja Freyju Kötru Erlingsdóttur til að sýna listir sínar í næsta matgæðingi vikunnar. Þar verður eitthvað frumlegt og framandi!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Trygginga- og bankapjónusta undir einu þaki

Þann 1. júlí 2025 sameinuðust Útibú TM og Landsbankans á Selfossi formlega og starfa nú saman undir einu þaki í Landsbankahúsinu við Austurveg 20. Með því geta viðskiptavinir nú fengið bæði banka- og tryggingapjónustu á einum og sama staðnum.

Landsbankinn hefur verið

með starfsemi á Selfossi frá árinu 1918 og útibúið þar hefur lengi verið eitt það stærsta hjá bankanum. Eftir sameininguna starfa 20 manns í húsinu við Austurveg, þar af fjórir í sumarafleysingum. Auk þess eru starfsstöðvar í Reykholti og Þorlákshöfn þar sem tveir starfsmenn eru á hvorum stað.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Hún er komin hrossi frá, heiti bókstafs þarna sá. Ég með heilli ekki er, annar sláttur nafnið ber.

Svar við gátu í blaði 2810: **KINNAR**
2. lína: Bæði **KINNAR** í andliti og á rassi

Krossgátuhöfundurinn Hafliði - 90 ára minning

Haflíði Þórður Magnússon fæddist í Hergilsey á Breiðafirði þann 16. júlí árið 1935. Hann fluttist 6 ára í Arnarfjörð þar sem fjölskyldan bjó á ýmsum stöðum en lengst af bjó hann á Bildudal. Haflíði bjó einnig um tíma í Reykjavík.

Hafliði starfaði m.a. sem sjómaður og þá mest á síðutogurum, við fiskvinnslu og einnig kenndi hann sjóvinnu. Þá vann hann við uppbyggingu Mjólkárverkjunar í Arnarfirði og endurgerð fæðingarþæjar Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Frá árinu 1998 bjó Hafliði síðan á Selfossi ásamt sambýliskonu sinni Evu Þórarinsdóttur frá Suðureyri við Súgandafjörð. Á Selfossi vann Hafliði ýmis störf, síðast hjá SG við trésmíðar þar sem hann lauk hefðbundinni starfsævi árið 2002. Hafliði Magnússon var fyrst og fremst: rithöfundur, ljóðskáld, söngleikjahöfundur og málari. Þá lagði hann mikla rækt við sagnabætti af ýmsum toga og flest í því tengdist Bíldudal og Arnarfirði. Hann var svo sannarlega margþættur listamaður og þeim störfum helgaði hann sig alfarið eftir að hann hætti störfum hjá SG á Selfossi.


Hafliði Magnússon var félagslyndur og hrókur alls fagnaðar í hópi vina sinna. Hann vann mikið með leikfélaginu Baldri á Bíldudal og var formaður þess um tíma. Hann samdi ótal gamanbragi sem fluttir voru við sérstök tækifæri. Þó nokkur leikrit og söngleikir eftir hann voru fluttir á Bíldudal og víðar um land og einnig erlendis. Hann skrifaði fjölmörg ritverk, bækur og greinar.

Hafliði Magnússon samdi í rúman áratug vikulegar krossgátur fyrir Sunnlenska fréttablaðið á Selfossi sem nutu mikilla vinsælda. Myndtök hans og orðaval í krossgátunum voru með sterka tengingu við líðandi stund samfélagsins í bland við menningararfleifðina.

Hafliði Magnússon, listamaður frá Bíldudal, lést þann 25. júní árið 2011 á heimili sínu á Selfossi. Minningarathöfn um Hafliða Magnússon fór fram í Laugardælakirkju við Selfoss þann 30. júní. Hafliði Magnússon var jarðsúnginn frá Bíldudalskirkju í Arnarfirði laugardaginn 2. júlí 2011. Prestur á báðum stöðum var séra Egill Hallgrímsson í Skálholti. Meðfylgjandi krossgáta Hafliða Magnússonar er ein af síðustu krossgátum hans árið 2011 og hefur ekki verið birt Sunnlendingum áður.

Blessuð sé minning Bílddælingsins Hafliða Magnússonar á Selfossi.

*Björn Ingi Bjarnason,
Bjarni Harðarson,
Jóhann Páll Helgason.*



- Hrutavinafélagið Örvar á
Suðurlandi -
- SAMAFLL -
aðfluttra Vestfirðinga
og heimamanna á Suðurlandi.
Hreyfiafl þjóðlegrar menn-
ingararfleiddar
til sjávar og sveita.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Lokað vegna
sumarfría

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsulur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

HEILSA

Heilsa

Mörg heilsuvandamál stafa af
óhollu matarræði, skorti á
hreyfingu og neikvæðu
hugarfari.

Ég býð núna upp á stutt
námskeið fyrir einstaklinga,
fjölskyldur og litla hópa um
bætta heilsu með gönguferðum
eða öðrum æfingum, með hollu
og einföldu matarræði og
aðferðum til að minka stress og
áhyggjur.

Er einnig með augnlestur sem
getur sagt margt um stöðu
heilsunnar; líkamlega og
andlega. Er líka með
svæðanudd, nudd og dáleiðslu.

Heiðar Ragnarsson s. 898 1501
sms eða símtöl (ef ég næ ekki
að svara, sendið þá sms).

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Föstudagur 18. júlí

Morgunsöngur og tíðagjörð kl
9.00 í umsjón Ísleifsreglunnar
Kvöldsöngur og tíðagjörð kl
18.00 í umsjón Ísleifsreglunnar

Laugardagur 19. júlí

Útímessu við Þorlákssæti kl
9.00. Sr. Kristján Björnsson
vígslubiskup þjónar
Kvöldsöngur og tíðagjörð kl
18.00 í umsjón Ísleifsreglunnar

Sunnudagur 20. júlí

Morgunsöngur og tíðagjörð kl
9.00 í umsjón Ísleifsreglunnar
Hátíðarmessa kl 14.
Vígslubiskup, sóknarprestur,
djákni og fleira Skálholtsfólk
þjóna. Skálholtskórinn undir
stjórn Jóns Bjarnasonar syngur
og leiðir safnaðarsöng
Kvöldsöngur og Te Deum sung-
ið í hákór kl 18.00, undir leið-
sögn Ísleifsreglunnar

Ég lyfti glasi

Ég lyfti glasi.
Í litlausu víninu
fer ljóðið á harðastökki.
Það leitar göfugra svæða
en rekst á óumflýjanleg
mörk skáldskaparins,
glasið mölbrotnar
og vínið hellist niður.
Eftir standa draumar mínir
jafn íburðarlausir.
Minningin
um þig í fjarska
birtist mér.
... og ég drekk.

Norberto Pannone,
Argentínu

Þór Stefánsson þýddi eftir
enskri þýðingu Germaines
Droogenbroodt og Stanley's
Barkan



Davíð nýr framkvæmdastjóri áfangastaða hjá Arctic Adventures

Davíð Arnar Runólfsson hefur
verið ráðinn framkvæmda-
stjóri áfangastaða hjá Arctic Ad-
ventures. Hann mun hafa um-
sjón með uppbyggingu og rekstri
áfangastaða fyrirtækisins svo
sem Fjaðrárgljúfurs, Öbyggða-
setursins, Kersins og Raufar-
hólshellis sem Arctic Adventures
rekur ásamt Kynnisferðum.

Davíð Arnar hefur viðtæka
reynslu úr ferðaþjónustu. Hann
hefur starfað sem leiðsögumað-
ur, landvörður og rekstrarstjóri í

ferðaþjónustu frá árinu 2016. Nú
síðast starfaði Davíð sem
framkvæmdastjóri Raufarhóls-
hellis og mun hann halda því
starfi áfram samhliða nýju starfi
sínu hjá Arctic Adventures.

Davíð starfaði áður hjá CCP
og Montana State University,
en hann lauk BA námi í ljós-
myndun þaðan. Davíð er einnig
með meistaragráðu í ljósmynda-
fræðum frá háskólanum í Gauta-
borg.



Þrír fulltrúar frá Sleipni á heimsmeistaramótinu í hestaíþróttum

Hestamannafélagið Sleipnir
há þrjá fulltrúa í íslenska
landslíðinu í hestaíþróttum sem
munu keppa á heimsmeistara-
mótinu sem haldið verður í
Sviss dagana 4.-10. ágúst.

Védis Huld Sigurðardóttir
keppir í ungmennaflokki í fjór-
gangi og tölta á Ísaki frá Þjórsár-
bakka en þau urðu Íslandsmeist-
arar í þessum báðum greinum

á nýafstöðnu Íslandsmeistara-
móti.

Glódís Rún Sigurðardóttir
keppir nú í fullorðinsflokki á
Snillingi frá Íbishóli í fimm-
gangi en hún er ríkjandi heims-
meistari í fimmgangi ungmenna
og verður gaman að sjá hana
keppa þar meðal fullorðinna.

Sigursteinn Sumarliðason
keppir í 250 m og 100 m skeiði á

Krókusi frá Dalbæ. En þeir hafa
fagnað góðum árangri hér heima
í þessum greinum.

„Við hjá Sleipni erum virki-
lega stolt af þessum knöpum og
það verður spennandi að fylg-
ast með þeim á stóra sviðinu í
Sviss,“ segir í tilkynningu frá
félaginu.





VIÐ ERUM FLUTT Í *GAGNHEIÐI 17*



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar



Stimplar

Velkomin
í heimsókn
til okkar

Sími 482 1944
Gagnheiði 17, Selfossi
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is





Sjáfvirk bílaþvottastöð hefur opnað á Selfossi

Föstudaginn 11. júlí opnaði Glans nýja, sjálfvirka bílaþvottastöð hjá Olís á Selfossi.

Þetta er önnur Glans-stöðin sem Olís tekur í notkun en fyrr á þessu ári var opnuð sjálfvirk stöð hjá Olís við Langatanga í Mosfellsbæ. Vegleg opnunarhátíð var við þvottastöðina á Selfossi laugardaginn 12. júlí þar sem þau Ingunn Svala Leifsdóttir forstjóri Olís og Sveinn Ægir Birgisson, formaður bæjarráðs Árborgar, klipptu á borða og opnuðu formlega þessa glæsilegu þvottastöð. Gestum og gangandi var boðið upp á kaffi og kökusneið, börnin fengu nýja íspinnan „Olís með dýfu“ og Magnús Kjartan söngvari Stuðlabandsins tók nokkur lög.

„Við erum ótrúlega ánægð að hafa opnað hér þessa glæsilegu bílaþvottastöð og óskum Selfyssingum og öðrum íbúum Ár-

borgar til hamingju með Glans,“ segir Ingunn Svala og bætir við: „Þessi stöð er annar áfangi þeirrar vegferðar sem við erum á með Glans og innan skamms munum við einnig opna þvottastöðvar á Olís við Gullinbrú og á Akureyri.“

Sveinn Ægir Birgisson er formaður bæjarráðs Árborgar: „Ég óska íbúum til hamingju með þessa glæsilegu þjónustu. Þetta er enn ein rósín í hnappagatið í þjónustu Olís við íbúa og gesti hér í sveitarfélaginu – og alla sem fara hér um – allan sólarhringinn.“

Með Olís – ÓB appinu er bæði hægt að kaupa stakan þvott hjá Glans eða áskrift að ótakmörkuðum þvotti sem gildir einn mánuð í senn. Allar frekari upplýsingar um þjónustu Glans má nálgast á glans.is.

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

ÖKUKENNSLA Á SUÐURLANDI

897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BRÁÐ AF VINATTU!

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

Raflagnir Tölvulagnir Ljósleiðaralagnir

TR

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tr.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS

stiflulosun.is

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsahreinsun

510-1180 / 669-8441

prentmet
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Stíflupjónusta Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR 20 ÁRA REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum Myndun lagna Rótarskurður o.fl.